

Mánudaginn 20. maí 1968.

Nr. 204/1965. **Jakob Þorvaldsson**

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Andrésí Hannessyni

(Árni Guðjónsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Einar Arnalds,
Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús P.
Torfason.

Omerking. Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, Jakob Þorvaldsson, hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. desember 1965, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. nóvember s. á. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 74.557.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 16. ágúst 1963 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi, Andrés Hannesson, hefur gagnáfrýjað málinu með stefnu 19. janúar 1966 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Eigi verður af skjölum málsins ráðið, að stefndi hafi gagnáfrýjað málinu á þeim þriggja vikna fresti, sem segir í 3. mgr. 20. gr. laga nr. 57/1962, og hann hefur eigi aflað sér áfrýjunarleyfis. Verður að svo vöxnu máli að vísa gagnsökinni frá Hæstarétti og skýra kröfur hans þannig, að hann krefjist staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Við kaup sín á v/b Barða, ST 33, ásamt tækjum og veiðarfærum, sem fram fóru samkvæmt gögnum, framlögðum í Hæstarétti, hinn 29. janúar 1960, tókst stefndi á hendur að greiða sem hluta af kaupverði vélbátsins skuld við Útvegsbanka Íslands, að fjárhæð kr. 50.000.00, samkvæmt vixli, útgefnum 29. janúar 1959. Vixilskuld þessa hefur stefndi

eigi greitt. Voru víxilskuldarar, seljandi v/b Barða, ST 33, Samvinnufélagið Björg, sem var samþykkjandi víxilsins, og ábekingar hans, þar á meðal áfrýjandi, dæmdir til greiðslu hans ásamt vöxtum og kostnaði með dómi bæjarþings Reykjavíkur 23. júlí 1960. Hefur áfrýjandi greitt dómskuld þessa og fengið framsal Útvegsbanka Íslands á henni hinn 16. ágúst 1963. Sækir áfrýjandi nú stefnda í máli þessu til endurgreiðslu fjárhæðar þessarar. Stefndi telur sig, að því er ætla verður, eiga rétt til afsláttar af kaupverði nefnds vélbáts, sem víxilskuldinni nemur, vegna galla á tækjum og veiðarfærum vélbátsins og svo vegna annarra vanefnda á kaupsamningnum um vélbátinn.

Í málinu hefur verið lögð fram kvittun Árna Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns, dags. 14. júní 1960, svohljóðandi: „Ég undirritaður hefi í dag tekið á móti frá Garðari Viborg tveim veðskuldabréfum:

- 1) kr. 40.000.00, útg. 28/1 '60 af Gunnari Waage, með 3. veðrétti í Val m/b — V.E. 279
- 2) kr. 50.000.00 do.

Skuldabréfum þessum tek ég á móti vegna Andrésar Hannessonar upp í greiðslur þær, sem hann hefur orðið að inna af hendi vegna kaupa á m/b Barða, ST 33, utan þess er ákv. var í afsali“.

Enn hefur verið lögð fram í Hæstarétti svohljóðandi „Kvittun fyrir sjóveðskröfu. Hólmavík, 19/11 1960

hr. útgerðarm. Andrés Hannesson hefur í dag lýst kröfu skv. þrem sjóveðsdómum (framseld)

Sjö þúsund fimm hundruð þrjátíu og fjórar 06/100 og kvittast hér með fyrir.

Kr. 7.534.06.

Björgvin Bjarnason“.

Gögn þau, sem fyrir hendi eru, veita eigi glöggva vitneskju um, hvernig reikningar standa í réttarsambandi Samvinnufélagsins Bjargar og stefnda, og eigi hefur verið gerð fullnægjandi gangskör að því að leiða þetta í ljós með aðilja- og vitnaskýrslum svo og yfirlitsreikningi. Það þykir því varhugavert að staðhæfa, hvort og ef því er að skipta, þá

að hve miklu leyti stefndi var skyldur til að standa við það ákvæði í kaupsamningnum um v/b Barða, ST 33, að greiða Útvegsbanka Íslands áminnztan 50.000 króna víxil. Af þessu leiðir aftur, að ekki verður fullyrt að svo komnu, að áfrýjandi hafi með greiðslu nefnds víxils innt af hendi framlag fjár, er hann kunni síðan að geta framkafið stefnda um. Málið er af þessum sökum svo vanreifað af hendi áfrýjanda, að ómerkja ber hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins í héraði og vísa því frá héraðsdómi.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. maí 1965.

Mál þetta var tekið til dóms 14. apríl s.l. Það var höfðað með stefnu, sem út var gefin 11. nóvember 1963. Þingfesting fór fram 14. sama mánaðar. Stefndandi málsins er Jakob Þorvaldsson, Drangsnesi, Strandasýslu, sem stefnir Andrési Hannessyni útgerðarmanni, Birkihlíð 3, Vestmannaeyjum, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 74.557.00. Þá krefst stefndandi 8% vaxta p. a. af þessari fjárhæð frá 16. ágúst 1963 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar.

Mélavextir.

Með samningi, dagsettum 29. febrúar 1960, seldi Samvinnufélagið Björg, Drangsnesi, stefnda í málinu, vélbátinn Barða, ST 33, ásamt ýmsum tækjum og veiðarfærum. Verð hins selda var alls kr. 500.000.00, og er sagt í samningnum, hvernig það skuli greiða. M. a. segir, að stefndi hafi: „Tekið að sér að greiða skuld við Útvegsbanka Íslands, Rvík, samkvæmt 2 rekstrarlánsvíxlum, útgefnum 29/1 og 26/5 1959, og afurðavíxli, útgefnum 27/11 1959. Samtals kr. 50.000.00“.

Ekkert liggur fyrir í máli þessu um skráningu réttinda yfir bátnum. Hinn 23. júlí 1960 var kveðinn upp dómur á bæjarþingi

Reykjavíkur í máli nr. 282/1960. Stefnandi þess máls var Útvegsbanki Íslands, en varnaraðiljar Samvinnufélagið Björg, Garðar Víborg, Andrés Magnússon, Magnús Guðmundsson, Jakob Þorvaldsson (stefnandi í máli þessu) og Magnús B. Andrússon. Var krafizt greiðslu víxils, sem gefinn hafði verið út 29. janúar 1959 af Garðari Víborg, samþykkt af Samvinnufélaginu Björg og ábeks af útgefanda og öðrum mönnum, sem stefnt var í málinu. Gjaldddagi víxils þessa var 31. maí 1959 og eftirstöðvar hans kr. 50.000.00. Úrslit málsins urðu þau, að því var vísað frá, að því er varðar Garðar Víborg. Aðrir varnaraðiljar voru dæmdir in solidum til að greiða bankanum kr. 50.000.00 auk vaxta og kostnaðar. Á endurrit dómsins, sem lagt hefur verið fram, hefur verið ritað:

„Framangreinda dómkröfu, sem nemur með öllum kostnaði í dag kr. 74.557.00, framselst hér með til hr. Jakobs Þorvaldssonar, Drangnesi, án ábyrgðar af hálfu bankans.

Reykjavík, 16/8 1963

Útvegsbanki Íslands

Lögfræðingadeild

Axel Kristjánsson“.

Svo sem sjá má af framanskraðu, er loforð það, sem stefndi gaf um greiðslu til Útvegsbankans með samningnum 29. febrúar 1960, ekki um greiðslu víxils þess, sem dæmt var um á bæjarþinginu 23. júlí 1960. Engu að síður eru aðiljar máls þessa sam-mála um, að hér sé um eina og sömu fjárskrófu að ræða, og var gerð bókun þess efnis á bæjarþingi 5. febrúar s.l.

Bú Samvinnufélagsins Bjargar var tekið til skiptameðferðar sem gjaldþrota 25. september 1960. Skiptum er ekki lokið. Hinn 5. marz s.l. sendi málflutningsumboðsmaður stefnanda í máli þessu sýslumanninum í Strandasýslu símskeyti og lýsti kröfu þeirri, sem gerð er í málinu, í þrotabúið í varúðarskyni, en innköllunarfrestur var þá löngu liðinn. Ekki er fram komið, að Útvegsbanki Íslands hafi á sínum tíma lýst í búið neinni skuld, sem varðar þetta mál. Því er haldið fram af hálfu stefnda í máli þessu, að Samvinnufélagið Björg hafi á sínum tíma vanefnt samninginn um sölu vélbátsins Barða. Af hálfu stefnanda er því andmælt, að um vanefnd hafi verið að ræða.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi málsins byggir kröfu sína á því, að með samningi stefnda og Samvinnufélagsins Bjargar 29. febrúar 1960 hafi stefndi

lofað að greiða skuld félagsins við Útvegsbanka Íslands að fjárhæð kr. 50.000.00. Þessa skuld hafi stefnandi síðar orðið að greiða, þar sem hann hafi á sínum tíma ábyrgzt greiðslu samvinnufélagsins. Hljóti hann að geta byggt rétt á samningnum frá 29. febrúar 1960 og krafizt greiðslu á þeirri fjárhæð, sem hann greiddi bankanum. Sé ljóst, að stefndi hafi vanefnt samninginn, og sé það eðli máls samkvæmt, að stefnandi fái þann rétt, sem Samvinnufélagið Björg mundi hafa átt á hendur honum, ef það hefði greitt skuldina við bankann. Því er í þessu sambandi mótmælt, að samvinnufélagið hafi vanefnt sínar skyldur. Til vara er því haldið fram, að ekki hafi verið kvartað um slíkar vanefndir í tæka tíð.

Stefndi byggir kröfu sína um sýknu á aðildaskorti. Hann hafi að sönnu gefið loforð um greiðslu á hinni umstefndu skuld með samningi við Samvinnufélagið Björg 29. febrúar 1960. En það loforð hafi hann gefið félagi þessu, en ekki stefnanda, og geti því enginn nema félagið byggt á því rétt. Þá er því einnig haldið fram, að stefndi eigi gagnkröfu á félagið vegna vanefnda á samningnum frá 29. febrúar 1960, sem fyrr segir, en ekki hefur fjárhæð þeirrar gagnkröfu komið fram í máli þessu. Til vara er því haldið fram af hálfu stefnda, að honum geti undir engum kringumstæðum orðið gert að greiða vexti og annan kostnað, sem féll á víxilskuldina í Útvegsbanka Íslands og stefnandi greiddi bankanum.

Niðurstaða.

Loforð það, sem stefndi gaf 29. febrúar 1960 um að greiða Útvegsbanka Íslands skuld Samvinnufélagsins Bjargar, var gefið þessu samvinnufélagi, en ekki bankanum. Gildi þess var háð skiptum stefnda og félagsins, og vafalaust geta þau skipti einnig haft áhrif á, hverja greiðslu stefndi er að lokum skyldur til að inna af hendi vegna loforðsins. Eðli málsins samkvæmt verður því að telja, að sérstakar ástæður þurfi að liggja því til grundvallar, ef viðurkenna á gildi þriðja manns loforða, þ. e. loforða, sem fela í sér, að þriðji maður eignist með þeim sjálfstæðan rétt á loforðsgjafa. Loforð stefnda 29. febrúar skapaði ekki Útvegsbanka Íslands rétt samkvæmt neinni reglu setts réttar, og slíkur réttur verður ekki heldur talinn verða reistur á öðrum reglum. Er þess sérstaklega að geta, að dómariinn telur hann ekki verða byggðan á fordæmi. Þvert á móti verður að telja það í beztu samræmi við almennar reglur um loforð, að Útvegsbankinn verði

ekki talinn hafa öðlzt rétt með loforðinu 29. febrúar 1960. Fyrst svo var ekki, getur framsalið frá bankanum til stefnanda 16. ágúst 1963 ekki skapað stefnanda rétt. Athuga þarf sérstaklega, hvort stefnandi hafi með því að greiða skuldina öðlzt sjálfstæðan rétt á hendur stefnda, sem óháður sé rétti Útvegsbankans. Þessari spurningu verður einnig að svara eftir eðli máls og meginreglum um loforð og ábyrgðir. Verður niðurstaðan sú, að slíkur réttur hafi ekki skapast, enda mundi réttarsamband stefnda og Samvinnufélagsins Bjargar einnig hafa skapað óvissu um efni slíks réttar.

Samkvæmt ofanskráðu verða úrslit málsins þau, að krafa stefnanda verður ekki tekin til greina. Það er álit dómarsins, að stefnandi kunni síðar að eignast kröfu á hendur stefnda vegna margnefndrar víxilskuldar, og ber því eftir 69. grein laga nr. 85/1936 að sýkna stefnda að svo stöddu. Telja verður verulegan vafa um úrslit máls þessa, og ber því samkvæmt 173. grein laga nr. 85/1936 að láta málskostnað falla niður.

Þór Vilhjálmsson borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Andrés Hannesson, skal að svo stöddu vera sýkn af kröfum stefnanda, Jakobs Þorvaldssonar, í máli þessu. Málskostnaður falli niður.
